

Laugardaginn 3. marz 1951.

Kærumálið nr. 2/1951.

**Guðmundur Þórðarson og
Sigurjón Þórðarson**

gegn

**Kjartani Jónssyni og
Magnúsi Thorberg.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd.
Þórðar Eyjólfsssonar.

Varnaraðiljum veitt færi á að láta staðfesta vitnaskýrslur fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. janúar 1951 hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðinn sama dag, þar sem úrskurðað var, að vitnaleiðsla skyldi fara fram í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Barst Hæstarétti kærán 8. f. m., og hafa hvorir tveggja aðilja sent dóminum greinargerð í málinu.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðiljum verði in solidum dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Á dómþingi 30. nóvember f. á., voru lögð fram af hálfu varnaraðilja skýrsla um aðalskoðun á v/b Njáli og vottorð frá fyrirsvarsmönnum Dráttarbrautar Keflavíkur h/f. Skjölum þessum var mótmælt sem röngum og óstaðfestum fyrir dómi, og krafðist umboðsmaður varnaraðilja þess þá þann 26. janúar þ. á., að vottorðsgjafar yrðu látnir staðfesta skýrslur þessar fyrir dómi.

Að vísu var yfirlýsing umboðsmanna aðilja um, að gagna-söfnun í málinu væri lokið, bindandi fyrir þá, en þar sem framangreind skjöl virðast geta haft þýðingu um úrlausn sakarefnis, er dómi rétt að veita aðiljum samkvæmt lögjöfn-

un frá 120. gr. laga nr. 85/1936 kost á að láta staðfesta skjöl þessi fyrir dómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

hrd. Jóns Ásbjörnssonar og prófessors Ólafs Lárussonar

Með tilliti til þess, að aðiljar höfðu hinn 9. febrúar 1950 lýst því yfir, að gagnasöfnun væri lokið í málinu, en við þá ákvörðun verða varnaraðiljar að vera bundnir, og með því að við teljum eigi vera fyrir hendi skilyrði þess, að beitt sé lögjöfnun frá 120. gr. einkamálalaganna, leggjum við til, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og varnaraðiljum gert að greiða sóknaraðiljum kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. jan. 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. þ. m., hafa Guðmundur og Sigurjón Þórðarsynir, Vífilsögðu 21 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. september 1949, gegn Kjartani Jónssyni, Blönduhlíð 5 hér í bænum, og Magnúsi Thorberg, Vestmannaeyjum.

Gera stefnendur þær kröfur, að stefndu verði in solidum gert að greiða þeim kr. 88.560.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags, að þeim verði in solidum og að viðlögðum dagsektum gert skylt að taka að sér að greiða skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, að fjárhæð kr. 60.000.00, auk vaxta og kostnaðar, sem hvílir með 1. veðrétti á v/b Njáli, R.E. 99, að stefndu verði einnig in solidum dæmt skylt að taka að sér greiðslu á skuld við Fiskveiðisjóð Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, auk vaxta, sem hvílir með 2. veðrétti á nefndum bát, og enn fremur, að stefndu verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt áskildu þeir sér rétt til að koma að í málinu gagnkröfu vegna kostnaðar af viðgerð bilunar á bátnum, er þeir telja hafa stafað af leyndum göllum á honum.

Tildrög málsins eru í aðalatriðum sem hér greinir: Í janúarmánuði 1949 fóru fram samningaumleitanir milli stefnenda og stefndu um kaup á v/b Njáli, R.E. 99. Bátur þessi var þá eign stefnenda, og var hann, er samningar fóru fram, í þurrkví hér í Reykjavík. Leitaði stefnandi Sigurjón til lögfræðings um aðstoð til að semja afsal fyrir bátnum, og var

samið uppkast að því samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann gaf um söluskilmála. Skömmu síðar, að því er virðist 21. janúar, komu málsaðiljarnir Sigurjón og Kjartan til lögfræðings þessa og kynntu sér báðir uppkastið að afsalsbréfinu svo og uppkast að veðskuldabréfi, sem samkvæmt afsalsbréfinu átti að gefa út fyrir hluta af kaupverðinu. Samkvæmt uppkastinu að afsalinu var kaupverð bátsins ákveðið kr. 200.000.00 og átti að greiðast þannig:

1. Kaupendur skyldu taka að sér skuld við Útibú Landsbankans á Akureyri, sem hvíldi með 1. veðrétti á bátnum og var að fjárhæð kr. 60.000.00. 2. Þeir skyldu taka að sér greiðslu á skuld við Fiskveiðasjóð, að fjárhæð kr. 42.400.00, sem hvíldi með 2. veðrétti á bátnum. 3. Kaupendur skyldu gefa út til seljenda skuldabréf, að fjárhæð kr. 88.560.00, og loks áttu kr. 9000.00 að greiðast í peningum. Mun sú greiðsla þegar hafa farið fram, er gengið var frá samningu afsalsins. Jafnframt var báturinn þá tekinn úr þurrkvínni og fenginn stefndu til afnota. Notuðu þeir bátinn til flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur til 18. febrúar 1949, en þann dag kom snögglega leki að bátnum, er hann var staddur hér á Faxaflóa í slæmu veðri. Bátnum var bjargað til Keflavíkur, og var hann tekinn þar upp í dráttarbraut og gert við hann. Viðgerð þessa greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f að hluta, en að öðru leyti var hún greidd af stefndu. Eftir viðgerðina virðast málsaðiljar ekki hafa notað bátinn. Hinn 19. desember 1949 var báturinn seldur á opinberu uppboði til fullnægju 1. veðréttarskuld þeirri, er að framan greinir. Hæstbjóðandi á uppboðinu varð stefndi Kjartan Jónsson, sem bauð kr. 63.000.00, og fékk hann uppboðsafsal, útgefið 9. janúar s.l.

Mál þetta var upphaflega tekið til munnlegs flutnings 5. október s.l., en var þá frestað um óákveðinn tíma að beiðni umboðsmanns stefnenda og með samþykki umboðsmanns stefndu. Málið var síðan tekið að nýju til munnlegs flutnings 18. s. m. Stefndu, sem í upphafi höfðu byggt sýknukröfu sína á því, að kaupsamningur hefði aldrei komið á um m/b Njál milli málsaðilja, kröfðust þess nú, að málinu yrði vísað frá dómi, sökum þess að grundvöllur þess hefði raskast, er báturinn var seldur á nauðungaruppboði, eftir að málið var höfðað. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 27. október s.l. Málið var síðan tekið til munnlegs flutnings um sakarefnið 30. nóvember s.l. Var það þá jafnframt flutt úr bæjarþinginu í sjó- og verzlunardóm samkvæmt ákvörðun dómara og með samþykki umboðsmanna aðilja. Fram að þessum tíma hafði Guttormur hrl. Erlendsson farið með málið af hálfu stefndu, en nú hafði tekið við því til flutnings Einar Ágústsson cand. jur., sem hafði fengið það samþykkt sem 4. prófmál sitt fyrir héraðsdómi. Hinn 18. október s.l. við munnlegan flutning um frávísunarkröfuna lagði umboðsmaður stefndu fram bréf sitt til stefnenda, dags. 9. nóvember 1949, þar sem hann m. a. gerir kröfu á hendur þeim um greiðslu kostnaðar af viðgerð m/b Njáls vegna leyndra galla, sem þeir telja, að hafi verið á bátnum. Mun þar átt við viðgerðina hjá Dráttarbraut Keflavíkur h/f, sem áður greinir. Áður höfðu verið lögð fram ýmis gögn varðandi þenna viðgerðarkostnað, en

krafa um greiðslu hans hafði þá eigi verið sett fram fyrir dómi. Í þinghaldinu 30. nóvember lagði umboðsmaður stefndu fram bréf Guttorms Erlendssonar hrl. til umboðsmanns stefnenda, dagsett 21. nóvember 1950, þar sem hann tilkynnir, að hann muni í málinu gera varakröfu um skuldajöfnuð við kröfu stefnenda á fjárhæð þeirri, er stefndu höfðu greitt fyrir viðgerð vegna duldra galla á bátnum, og telur hann þá kröfu nema kr. 29.690.54. Jafnframt lagði hann fram ýmis skjöl varðandi viðgerðarkostnaðinn og ástand bátsins, eftir að hann varð fyrir áfallinu 18. febrúar 1949, meðal annars vottorð skipaskoðunarmanns og fyrirsvarsmanna skipasmíðastöðvarinnar, er viðgerðina hafði annazt. Vottorðum þessum mótmælti umboðsmaður stefnenda sem rögum og óstaðfestum og skuldajafnaðarkröfunni sem rangri og of seint fram borinni. Enn fremur mótmælti umboðsmaður stefnenda í umræddu þinghaldi heimild Einars Ágústssonur cand. jur. til að flytja málið fyrir héraðsdómi. Gekk úrskurður um þetta atriði 5. desember s.l. á þá lund, að Einari var heimilað að annast flutning málsins. Úrskurð þenna kærði umboðsmaður stefnenda til Hæstaréttar, og var hann staðfestur með dómi, uppkveðnum 17. þ. m. Að þeim dómi gengnum, var svo ákveðið, að málið skyldi munnlega flutt 1. febrúar næstkomandi.

Hinn 26. þ. m. sneri umboðsmaður stefndu sér til borgardómara og fékk útgefna stefnu á hendur stefnendum til að mæta við vitnaleiðslu í málinu, er dómari féllst á, að haldin yrði 30. þ. m., enda var eigi unnt að hafa fyrirvara skemmri, þar eð annar stefnenda var búsettur utan þinghár. Taldi umboðsmaður stefndu sig þurfa að leiða fyrir dóm sem vitni menn, sem gefið höfðu vottorð í málinu, er fram voru lögð 30. nóvember s.l., og enn fremur mann, sem á sínum tíma hafði skoðað m/b Njál af hálfu viðkomandi váttryggingarfélags. Síðar hefur hann þó fallið frá fyrirætlun sinni um að leiða síðastgreint vitni fyrir dóm.

Er vitnaleiðsla skyldi hefjast, sótti þing af hálfu stefnenda umboðsmaður þeirra, Magnús Thorlacius hrl., og mótmælti því, að vitnaleiðsla færi fram. Rökstuddi hann þau mótmæli með því, að stefndu hefðu haft nægan tíma og tækifæri til að koma að í málinu þeim gögnum, sem þeir óskuðu, áður en gagnaöflun lauk í málinu, og raunar einnig eftir það. Kvað hann vitnaleiðsluna, ef fram færi, mundu gefa ástæðu til, að hann yrði að leiða andvitni í málinu og afla annarra gagna, er vörðuðu skuldajafnaðarkröfu stefndu, en með því móti væri sýnilegt, að ekki yrði unnt að flytja málið munnlega hinn 1. febr. næstkomandi, en hann telur umbjóðendum sínum óskýlt að hlíta frekari drætti málsins vegna skuldajafnaðarkröfunnar, enda gæti slíkur dráttur bakað þeim verulegt tjón. Umboðsmaður stefndu krafðist þess, að vitnaleiðsla færi fram, og benti á, að honum hefði ekki verið unnt að láta hana fara fram, eftir að hann tók við meðferð málsins, fyrr en genginn var hæstaréttardómur um mótmæli stefnenda gegn því, að hann fengi að annast flutning þess.

Á þessu stigi málsins verður ekki tekin afstaða til þess, hvort skuldajafnaðarkrafa stefndu hefur verið borin fram í tæka tíð. Jafnframt því að krafa þessi var sett fram, voru lögð fram vottorð þau, er áður greinir,

henni til stuðnings. Þeim var af hálfu stefnenda mótmælt sem óstaðfest-um fyrir dómi. Fallast verður á þá skoðun umboðsmanns stefndu, að hann hafi ekki haft tök á að fá vottorð þessi staðfest, meðan beðið var eftir endanlegri úrlausn þess, hvort honum heimilaðist að annast meðferð málsins hér fyrir dómi. Vegna þeirra mótmæla, sem vottorð þessi hafa sætt af hálfu stefnenda, þykir, eins og á stendur, rétt að heimila stefndu að leiða vottorðsgefendur fyrir dóm til að staðfesta sönnunargildi vottorðanna, enda verður ekki séð, að það þurfi að hafa í för með sér frekari drátt á munnlegum flutningi málsins.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmanninum Jóni Kristóferssyni skipstjóra.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna vitnaleiðsla skal fara fram.

Miðvikudaginn 7. marz 1951.

Nr. 6/1950. **Gunnar Ólafsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóhönnu Magnúsdóttur og

Brynjúlfi Magnússyni og

gagnsök (Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Freymóður Þorsteins-son, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1950. Krefst hann algerrar sýknu af kröf-um gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. janúar 1950. Krefjast þau þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla, að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir ummælin og að hann verði dæmd-ur til að greiða gagnáfrýjendum hæfilega fjárhæð til að